

Alþingi
Erindi nr. P 131/365
komudagur 2.12.2004
Reykjavík 29. nóvember 2004

Samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn RNF um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðaslysa, 236. mál

Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) þakkar samgöngunefnd fyrir að fá tækifæri til að koma með umsögn um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðaslysa, 236. mál 131. löggjafarþings.

Frumvarpinu ber að fagna. Það kemur enn frekar en gildandi reglugerð um rannsóknarnefnd umferðaslysa til móts við þau alþjóðlegu sjónarmið sem almennt gilda um slysarannsóknir.

Til að bæta frumvarpið enn frekar leyfir RNF sér að gera eftirfarandi athugasemd í ljósi reynslu sinnar af rannsóknum flugslysa og þekkingu á skipulagi slíkra mála hjá nágrannþjóðum:

III. KAFLI


Tilkynning um umferðarslys. Framkvæmd rannsókna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rannsóknarstjóri (forstöðumaður) rannsóknarnefndar umferðarslysa stjórnir rannsóknarverkefnum nefndarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna „fagnefnd“ sem hefur það hlutverk að endurskoða rannsóknarvinnu rannsakendanna og gefa út rannsóknarskýrslur. Með þessu fyrirkomulagi er verið að tryggja en frekar sjálfstæði nefndarinnar þannig að rannsókn slysa og útgáfa rannsóknarskýrslna verður ekki á hendi sama aðila.

Í ljósi þessa fyrirkomulags leggur RNF til að öllum málsgreinum 10. gr. verði breytt þannig að þær hefjist allar á orðunum „Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd umferðarslysa.“ Með þessari breytingu er staða rannsóknastjóra gerð skýrari og honum gert mögulegt að leita eftir nauðsynlegum upplýsingum og að kalla til sérfræðinga til að starfa strax við frumrannsóknina.

Virðingarfyllt,

Rannsóknarnefnd flugslysa



Þormóður Þormóðsson
forstöðumaður/rannsóknastjóri

